

VII. Hvar gerðir er að finna

Gerðir sem hafa verið samþykktar í ESB eru birtar í Stjórnartíðindum EB. Þær má finna á heimasíðu ESB (www.europa.eu.int). Þá eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB birtar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar ásamt þeim gerðum sem þær taka upp í EES-samninginn. Ennfremur er birt efni frá sameiginlegu EES-þingmannanefndinni, EES-ráðgjafanefndinni, fastanefnd EFTA-ríkjanna, ESA og EFTA-dómstólnum, auk ýmiss efnis frá stofnunum ESB, m.a. framkvæmdastjórninni og Evrópudómstólnum. Útgáfudeild EFTA ber ábyrgð á birtingu og þýðingu efnis á íslensku og norsku en Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis leggur til þýðingu gerðanna á íslensku. EES-viðbætir kemur út vikulega og er hann að finna á heimasíðu EFTA (www.efta.int).

Þá er að finna á heimasíðu ESA (www.eftasurv.int) gagnabankann AIDA. Hann er starfræktur til að safna öllum upplýsingum sem máli skipta varðandi innleiðingu gerða og er aðgengilegur á netinu hvað varðar tilskipanir og innleiðingu þeirra. AIDA veitir góða yfirsýn yfir hvort og hvernig hvert EFTA-ríkjanna hefur innleitt tilskipanir og þar er að finna mat ESA á því hvort gerðir hafi verið innleiddar með fullnægjandi hætti. AIDA gagnagrunnurinn og GENDA gagnagrunnurinn eru innri gagnagrunnar ESA og er því aðeins hluti AIDA sýnilegur á netinu, þ.e. sá hluti sem varðar tilskipanir. GENDA er ekki aðgengilegur nema fyrir starfsmenn ESA en í honum eru upplýsingar um einstök mál sem ESA hefur tekið upp.

Við leit að upplýsingum um hvort gerð hefur verið tekin upp í EES-samninginn er hægt að nota vefsíðu EFTA, þó AIDA sé yfirleitt fyrsta skref ef um tilskipun er að ræða. Á vefsíðu EFTA eru listar yfir ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar eftir árum. Þannig er hægt að leita eftir númeri gerðar í listum hvers árs fyrir sig. Í listunum kemur fram birtingardagur og númer EES-viðbætis sem ákvörðunin og gerðin hafa verið birtar í. Þá er hægt að fara í réttan EES-viðbæti, sem einnig er aðgengilegur á netinu og kalla fram ákvörðunina og gerðina á íslensku.

Við leit að upplýsingum um hvort gerð hefur verið innleidd er helst að leita til viðkomandi ráðuneytis sem fer með þann efnisflokk sem gerðin fellur undir, en ef um tilskipun er að ræða má, eins og áður sagði, oft finna upplýsingar í AIDA gagnagrunni ESA.

Vanti upplýsingar um hvort gerð hefur verið innleidd er helst að leita til þess ráðuneytis sem ber ábyrgð á viðkomandi málaflokki. Það getur þá veitt upplýsingar um stöðu mála, hvort innleiðingu sé lokið, hún í undirbúningi o.s.frv.